

Námskrá
fyrir iðnsveina til iðnmeistaraprófs

Fagnám í
fata-, skinna- og leðuriðngreinum

Menntamálaráðuneytið
Júní 1996

Inngangur

Iðnmeistaránámi er í stórum dráttum skipt í tvo hluta, almennan hluta og sérgreinahluta og eru gefnar út námskrár fyrir hvorn hluta námsins um sig af hagkvæmniástæðum.

Almenni hlutinn er sameiginlegur öllum iðngreinum og skiptist hann í almennt bóknám og nám í stjórnunar- og rekstrargreinum. Í námskrá fyrir almennan hluta meistaranáms er m.a. gerð grein fyrir kröfum um þekkingu og hæfni iðnmeistara, meginmarkmiðum námsins í heild sinni og hvernig meta skuli meistaranám með tilliti til annars náms auk lýsinga á markmiðum einstakra áfanga.

Í þessu hefti er annars vegar að finna heildaryfirlit yfir meistaranám í fata-, skinna- og leðuriðngreinum og hins vegar áfangalýsingar í faggreinum meistaranáms í kjólasaumi og klæðskurði. Vakin er athygli á því að breytingar á umfangi og innihaldi fagnáms er háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Hverjum áfanga í fagnámi iðnmeistaránáms skal ljúka með formlegu námsmati í samræmi við markmið og innihald áfangans. Námsmat getur verið með ýmsu móti að ákvörðun hlutaðeigandi menntastofnana og gilda um það sömu reglur og almennt tíðkast um mat á námi á framhaldsskólastigi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Meistaránám fata-, skinna- og leðuriðngreina

Kjólasaumur og klæðskurður

Heildarfjöldi námseininga

43 einingar

1. Almenn bóknám 12 ein.

Kjarni 10 ein.

Íslenska ÍSL 242 og 252

Tölvunotkun TÖL 103

Viðskiptastærðfræði STÆ 243

Val iðngreinar 2 ein.

enska 2 ein.

2. Stjórnunar- og rekstrargreinar 23 ein.

Kjarni 12 ein.

Stjórnun MST 104

Kennsla/þjálfun MKE 102

Rekstrarumhverfi MRU 102

Bókhald og skjalavarsla	MBS 101
Reikningsskil	MRS 103
<i>Val</i>	<i>11 ein.</i>
Val iðngreinar	7 ein.
Altæk gæðastjórnun	MAG 102
Framleiðslustýring	MFS 101
Innkaup og birgðastýring	MIB 101
Markaðsmál	MMM 101
Skipulagning vinnusvæðis	MSK 101
Vöruþróun	MVP 101
Val nemenda	4 ein.

3. Faggreinar 8 ein.

Viðhald véla og tækja	MVT 101
Undirbúningur vöruframleiðslu	MUF 107

Skósmíðaiðn

Heildarfjöldi námseininga

28 einingar

1. Almennt bóknám		12 ein.
<i>Kjarni</i>		<i>10 ein.</i>
Íslenska	ÍSL 242 og 252	
Tölvunotkun	TÖL 103	
Viðskiptastærðfræði	STÆ 243	
<i>Val iðngreinar</i>		<i>2 ein.</i>
<i>Enska</i>	2 ein.	
2. Stjórnunar- og rekstrargreinar		16 ein.
<i>Kjarni</i>		<i>12 ein.</i>
Stjórnun	MST 104	
Kennsla/þjálfun	MKE 102	
Rekstrarumhverfi	MRU 102	
Bókhald og skjalavarsla	MBS 101	
Reikningsskil	MRS 103	
<i>Val</i>	<i>4 ein.</i>	
Val nemenda	4 ein.	
3. Faggreinar		0 ein.

Fagnám í kjólasaumi og klæðskurði

Gengið er út frá því að sveinar í kjólasaumi og klæðskurði karla og kvenna hafi handverkið á valdi sínu og geti unnið sjálfstætt að öllum meginþáttum fagsins. Þeir eiga að vera færir um að taka mál af viðskiptavinum og útbúa snið frá grunni, sníða og sauma, máta flík á viðskiptavin og annast nauðsynlegar breytingar auk þess að pressa og ganga frá flíkinni. Þeir þurfa einnig að geta veitt viðskiptavinum faglega leiðsögn og ráðgjöf.

Meistarar í þessum greinum þurfa auk ofangreindra þátta að þekkja til framleiðslu í fataiðnaði og vera færir um að vinna sem stjórnendur og fagmenn á ýmsum stigum í framleiðsluferlinu. Því er í meistaranámi lögð áhersla á að nemendur læri um vöruþróun, markaðsmál, gæðastjórnun, skipulagningu og stýringu iðnaðarframleiðslu, véla- og tækjabúnað í fataiðnaði og vinni verkefni sem felur í sér heildstæðan undirbúning að framleiðslu tiltekinnar vöru.

Áfangalýsingar

UNDIRBÚNINGUR VÖRUFAMLEIÐSLU Í FATAIÐNAÐI 107

MUF 107

Undanfarar: Kjarnagreinar meistaranáms. Áfangarnir: MFS 101, MMM 101 og MVP 101 verði undanfarar eða samsíðungar.

Markmið

Nemendur nýti og tengi saman fagþekkingu sína og þekkingu í stjórnunar- og rekstrarþáttum meistaranáms í sjálfvöldu vöruþróunarverkefni frá hugmynd að söluhæfri vöru sem er tilbúin til framleiðslu.

Innihaldslýsing

Áfanginn byggir á því að nemandi hafi lokið kjarnanámi í stjórnunar- og rekstrargreinum og hafi annaðhvort lokið námi í bundnu vali viðkomandi iðngreina í áföngum um vöruþróun, markaðsmál og framleiðslustýringu eða stundi samhliða nám í þeim. Æskilegt er að nemandi finni viðskiptahugmynd sína sem fyrst á námsferli meistaranáms og geti mótað hana smám saman og tengt sem flestum þáttum námsins.

Gert er ráð fyrir því að nemandi vinni sjálfstætt að verkefninu undir leiðsögn fagkennara og færi dagbók um alla þætti þess. Við lok áfangans skilar nemandi sýnishorni af vörunni með teikningum og sniðum ásamt dagbók og stuttri skýrslu um vöruna og þróunarferli hennar, markaðshorfur og áætlun um framleiðslu, kostnað og hagnað.

VIÐHALD VÉLA OG TÆKJA Í FATAIÐN 101

MVT 101

Markmið

Nemendur verði færir um að sinna eftirliti á vélum og tækjum sem almennt eru til staðar á saumastofum. Þeir viti hvernig vélbúnaðurinn vinnur og skynji hvenær viðgerða er þörf.

Innihaldslýsing

Farið verður yfir vélbúnað helstu iðnaðarsaumavéla, pressuborða, straujárna, límingarvéla og sníðahnífa og algengustu bilanir á þeim búnaði.